

Alþingi - skrifstofa  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Alþingi  
Erindi nr. **P** 130/508  
komudagur 8.12.2003



Reykjavík 05. 12. 2003  
TILVÍSUN: 2003110014  
R0300268/115  
HKrG/ev

**Efni: Umsögn um 254. og 255. mál**

Umsögn Rannsóknamiðstöðvar Íslands um :

1. frumvarp til laga um gjald vegna ólögmæts sjávarafla, 254. mál, rannsóknir og nýsköpun.
2. frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 255. mál, hafrannsóknarafla, þorskeldiskvóti.

Vakin er athygli á að með lögum nr. 3, 3. febrúar 2003 var Rannsóknarráð Íslands lagt niður og tók Rannsóknamiðstöð Íslands, Rannís, að hluta til við hlutverki þess. Rannsóknamiðstöð Íslands gefur því hér umsögn um þessi frumvörp sem svar við beiðni sjávarútvegsnefndar Alþingis til Rannsóknarráðs Íslands í bréfi dagsettu 21. nóvember 2003.

1. Rannís telur æskilegt að samkeppi sé um fjármagn til rannsóknaverkefna og nýsköpunar.
2. Rannís fagnar þeirri viðleitni stjórnvalda að stækka og auka vægi þeirra sjóða sem veita styrki til rannsókna og nýsköpunar.
3. Rannís vill jafnframt benda á eftirfarandi:
  - a. Mikilvægt er að styrkir úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins verði veittir í samræmi við almenna stefnumótun Vísinda- og tækniráðs.
  - b. Mikilvægt er að Verkefnasjóður sjávarútvegsins veiti fáa styrki og stóra, frekar en marga og smáa. Styrkloforð þurfa að vera til nokkurra ára í senn. Reynslan sýnir að einungis þannig næst viðunandi árangur af rannsókna og þróunarverkefnum, sem nýtist atvinnugreinum.
  - c. Mikilvægt er að faglegt gæðamat sé ráðandi þegar valin eru verkefni til styrktar úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins
  - d. Hafrannsóknastofnun er ein mikilvægasta rannsóknastofnun Íslands, sem hefur verið í fararbroddi á alþjóðavettvangi á fjölmörgum sviðum rannsókna er varða lífríki hafsins og nýtingu þess. Rannsóknir á lífríki hafsins og nytjastofnum eru mjög kostnaðarsamar og mjög

krefjandi, hvorttveggja varðandi mannafla, rannsóknartæki og aðstöðu.



e. Í athugasemdum við frumvörpin kemur fram að fyrstu níu mánuði ársins 2003 hefur Hafrannsóknastofnun fengið 125 m.kr. til rannsóknaverkefna vegna upptöku ólögmæts sjávarafla, eða sem svarar til heildarkostnaðar af krefjandi rannsóknarleiðöngrum á r/s Árna Friðrikssyni í um 100 daga. Verði frumvörpin að lögum er ljóst að Hafrannsóknastofnun mun þurfa að sækja til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins um þetta fé í samkeppni á víðari grundvelli. Mikilvægt er að breyting þessi verði ekki til þess að svigrúm Hafrannsóknastofnunar til brýnna verkefna minnki.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Hans Kr. Guðmundsson".

Hans Kr. Guðmundsson  
forstöðumaður